

Margrét Pála Ólafsdóttir

1997

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Steingrímur Sævar Ólafsson

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

© Krumma films ehf.

Þú vilt byrja á tímanum áður en að ég gerist virk í Samtökunum? Já, ég er búin að lifa sem lesbía í sambúð með konum í ansi mörg ár áður en ég kem virk þar til starfa þar á vettvangi. Ég hafði reyndar verið viðloðandi lengi, svona tekið viðvik ef ég var beðin um og verið til staðar, en já svona laushangandi utan á þeim. Hvar viltu byrja? Þú vilt fara enn aftur?

Gott og vel. Ung kona á Akureyri, í menntaskóla með lítið barn, að fara gifta mig í Akureyrarkirkju, hjá séra Pétri og já, að byggja. Taktu eftir því að byggja í blokkaribúð. Á Akureyri á þessum tíma og á Norðurlandi yfirhöfuð held ég voru hugtök eins og lesbíur og leiguhúsnaði og fleira ekki til [hlær]. Trúlega allt verið jafn ókunnuglegt fyrir Norðlendingum en þarna er ég átján ára gömul, ég var að gifta mig af því að ég var, af því að ég hafði orðið ófrísk og átti barn, og gott og vel indæll maður, við vorum góðir vinir. Ég verð þó að segja sjálfri mér til hróss að ég hafði aldrei blekkst mig með því að ég væri ástfangin af honum. Ég hélt einfaldlega að þetta fyrirbæri að verða ástfangin væri eitthvað sem að mér hlotnaðist ekki í þessu lífi. Ég hafði farið í gegnum það einhverjum árum áður þegar ég er enn yngri, fjórtán, fimmtán ára gömul og var sannfærð um ég væri öðruvísi en vinkonur mínar. Ég vissi bara ekki á hvaða hátt. Ég hafði þó grun um það að það tengdist því að ég væri ekki eins mikil kona eða stelpa eða eitthvað slíkt eins og þær. Og ég var í gagnfræðaskóla Akureyrar, merkileg stofnun ef þú þekkir hana ekki, á þeim tíma og það var ein stúlka í þessum skóla sem var verulega frábrugðin öðrum. Hún gekk niður frá gagnfræðaskólanum á Akureyri og snjóboltarnir dundu frá nokkur hundruð nemendum sem öskruðu á eftir henni tvítóla. Það gekk sú saga á Akureyri að þetta væri bæði karl og kona. Tvítóla var hún kölluð. Já og hún leit vissulega mjög karlalega út og ég reyndi að ímynda mér gæti verið að ég væri svona og ég man að ég grandskoðaði mig sem unglingur í speglinum hvort að það vottaði fyrir hárvexti hvort að röddin mín væri dimmri en eðlilegt gæti talist og svona en ég leit nú bara normal út, fékk brjóst og allt saman þannig að ég afturvegði þann möguleika þannig að þetta að ég væri öðruvísi það var þá bara þannig að ég væri eitthvað tilfinningatæpari en aðrir. Næði til að mynda ekki að verða ástfangin. Nú gott og vel þannig var bara það og vinkonur mínar voru búnar að liggja kolástfangnar aftur og aftur aldrei ég. Ég reyndi, og eins og ég segi, tókst að verða

ófrísk því ekki að giftast þessum góða dreng, hvað áttum við að gera við þetta barn? Og já, við giftum okkur í desember í Akureyrarkirkju og að vísu misstum við nú hringana þegar við áttum að setja þá upp og bæði presturinn og tilvonandi eiginmaðurinn stóðu þarna klumsa en ég skreið eftir þeim og fann þá að lokum. Það var kanski fyrirboði um það sem koma skyldi, hjónabandið entist náttúrulega ekki. Síðan hætti ég í skóla, fór að vinna og að hugsa um barnið og manninn og þannig gekk lífið í nokkur ár fyrir mig.

SSÓ: Þangað til?

Ég þraukaði reyndar bara í tvö ár sem húsmóðir fyrir norðan þá fluttist ég til Reykjavíkur og fór þar í nám, í sérnám, það var jú leiðin. Við höfum mörg yfirgefið heimastaði, bæði fyrir norðan og austan og vestan og sótt okkur menntun til Reykjavíkur. Mörg okkar snúa ekki við. Ég var ein þeirra. Maðurinn minn fór síðan norður aftur ásamt barninu okkar nokkrum árum síðar, þá var ég 26 ára gömul. Þá óskaði ég eftir skilnaði, reyndar ekki í fyrsta skipti, við höfðum skilið ansi oft, að meðaltali einu sinni á ári reiknaði ég einhvern tímann út, en ég var sem sagt 26 ára gömul þegar að ég skildi endanlega og skildi af hverju ég var alltaf að skilja og það var það skilningsaugnablik að ég skildi að ég væri lesbía. Þá skildum við og hann fór norður og í nokkur ár börðumst við um barnið okkar en ég varð hér eftir fyrir sunnan að glíma við nýja ímynd og nýjar tilfinningar.

Ég uppgötvaði á einni nóttu að ég væri lesbía. Ég hafði afskrifað möguleikann á að ég væri eitthvað öðruvísi, ég vissi ekki, ég kynntist ekki hugtakinu lesbía fyrr en ég var komin yfir tvítugt og komin hingað til Reykjavíkur og þá var ég búin að móta mína ímynd; Ég var óhamingjusöm, ung, straight kona í hjónabandi. Þannig að nóttina sem að ég uppgötva að ég er lesbía, það gerist á einni nóttu einfaldlega af því að ég svaf hjá konu í fyrsta skipti og skildi þá að, að já að það var svona aðdráttarafl sem konur höfðu oft haft á mig áður hafði tengst nákvæmlega þessu, þetta höfðu verið ástartilfinningar án þess að ég gæti skilgreint það. Á þessari einu nóttu þegar ég vaknaði upp þá skildi ég lífið, þá skildi ég tilfinningarnar og þá skildi ég í fyrsta skipi á ævi minni að ég væri normal manneskja. Guðdómleg tilfinning en ég held ég hafi sjaldan verið hræddari, trúlega aldrei um dagana. Er ég þó skræfa og hef hræðst margt. En þetta var eitt af þessum

skilningsaugnablikum og innan viku var ég skilin og eiginmaður minn fluttur út. Ekki það að ég hefði kjark til þess að segja honum hver ástæðan væri en hann var fluttur út innan við viku og ég var dauðans ástfangin, hafði samband við þessa konu og við tókum upp samband sem að entist í nokkur ár.

Ég byrjaði á því að gangast við sjálfri mér fyrir sjálfri mér. Það er og var stærsta skrefið. Ég kys að nota hugtakið að gangast við sjálfri mér frekar en úr felum það er, ég hafði ekkert verið í felum, ég var alls ekki í felum ég var gjörsamlega týnd fyrir sjálfri mér þannig að ég var ekki í felum. Ég gekkst við sjálfri mér á þessum morgni en það tók lengri tíma að gera það gagnvart öðrum. Ég skildi við manninn minn án þess að segja honum hvers kyns væri. Hann frétti það einhverjum vikum síðar og það reyndist honum mjög erfitt og voru mikil tilfinngaleg átök í kringum það fyrir mig, mjög erfitt og sárt. Ég talaði við nánustu vini mína smátt og smátt á mánuðunum sem liðu. Ég byrjaði að hafa samband við fjölskyldu mína en hún var nú öll stödd annars staðar á landinu, ég var ein hérna fyrir sunnan. Það tók langan tíma og gagnvart þeim sem að stóðu mér kannski næst, dóttir mín fyrst og fremst og foreldrar mínir, að það tók mig einhver ár, það tók mig tvö ár að manna mig eða kvenna mig upp í þann kjark að segja dóttur minni frá því að ég væri lesbía og það var mjög erfitt og hún tók því feikilega illa. Auðvitað skil ég það. Án efa var hún komin með sínar grunsemdir því þá lifði ég í felum gagnvart henni og gagnvart foreldrum mínum. Þessarr tvíbentu tilfinningar sem að hún var búin að vera fara í gegnum, skilnaðurinn og hún skildi ekkert í þessum skilnaði frekar en nokkur annar af því að ég var ekki nægilega hreinskiptin til að segja hvers kyns var, eða nægilega hreinskiptin, ég var ekki reiðubúin til þess og fyrir hana sem ungt barn níu, tíu ára gamla að fara í gegnum erfiðan skilnað, mikil átök, deilur okkar foreldrana um hana og án efa uppfull af grunsemdum og loksins tveim árum seinna læt ég sprengjuna falla og segi henni hvernig er. Það tók okkur mæðgur nokkur ár að vinna úr þessu en það hefur tekist frábærlega og ég er mjög þakklát því. Það hefði kanski verið það dýrkeyptasta ef að það hefði ekki tekist, en það auðvitað tekst það alltaf að lokum. Nú ég sagði foreldrum mínum hins vegar ekki frá því að ég væri lesbía fyrr en ég var að skilja við fyrstu konuna mín. Faðir minn tók því svona, aldraður bóndinn, hann svona tók þessu vel en vildi lítið ræða þetta og ekki fyrr en hin alsíðustu ár viljað tala um málið við mig. Móðir mín fékk tíðindin

síðust. Það var með ólíkindum. Ég var handviss um að að konan, já á sjötugsaldri, gömul sveitakonan, að hún skildi ekki einu sinni hugtakið. Ég var búin að velta því fyrir mér fram og aftur hvernig í ósköpunum á ég að fara að þessu. Ég var nýskilin, að fara í nýtt samband og búin að segja öllum frá þessu og það var ekki lengur undan því komist að segja móður minni sannleikann. Ég var búin að hugsa alltaf, á ég að reyna segja við hana, mamma ég er ein af þessum konum sem elskar konur, æ þetta var allt tilgerðarlegt og ömurlegt og að lokum tók ég upp símann og sagði bara gott og vel, ég segi mamma ég er lesbía. Bara lét vaða, og ég gerði þetta, sagði þessi orð í þessari röð. Og móðir mín sagði: Jæja elskan er þetta algengt! [*hlær*]. Síðan spurði hún: Já og hvernig líður þér, já er þetta ekki allt saman ágætt og gott elskan mín bara ég stend með þér. Síðan hefur hún í sjálfri sér ekkert verið að ræða málin við mig en staðið mjög þétt með mér og passað sig afar vel á því að sýna að jájkk bæði mér og konunni minni já það að hún séi afar velkomin í fjölskylduna og við séum teknar sem par. En í raun og veru þá tók hún þessu trúlega hvað best af fjölskyldu minni. Sú sem að ég hafði verið hræddust við að tala við og sagði síðast frá þessu en það þekkjum við mörg samkynhneigð að gangast við okkur gagnvart fjölskyldu eða vinum að fólk bregst gjarnan þveröfugt við það sem maður ætlaði. Þannig er nú það.

Frábærlega, mjög vel. Allir sem ég vann með. En ég var hrædd. Ég var hrædd um vinnuna mína. Þótt það sé ekki lengra síðan en þetta, 1984, sem að ég tek skrefið að þá vissi ég mjög lítið. Ég hafði enga hugmynd um hvernig að mér tækist að byggja mér framtíð og hvort mér tækist það yfirhöfuð og þaðan af síður vissi ég síður hver annara viðbrögð væru en þekkti tröllasögur og neikvæðar fréttir um það að lesbíur og hommar í störfum með börnum yrðu gjarnan fyrir árásum og aðkasti. Ég var dauðhrædd um vinnuna mína en starfsfélagarnir tóku mér frábærlega og fyrstu árin mín í starfi taldi ég mig alls ekkert í felum hér í Reykjavík þótt ég væri ekki að hringja austur á land til að tilkynna henni mömmu um málið þá taldi ég mig ekki í felum hér sjáðu til. Þannig að starfsfélagar vissu af þessu, bæði starfsfélagar og kollegar mínir. Góðar viðtökur en ég var hrædd.

Já það væri óheiðarlegt að segja að svo væri ekki. Og þannig er náttúrulega með þá glímu að gangast við sér og standa með sjálfum sér það reynist flestum erfitt í þessu lífi, ekki

aðeins samkynhneigðum heldur öðrum, en fyrir okkur sem að þurfum að glíma við, ekki bara umhverfisfordóma heldur kanski fyrst og fremst okkur sjálf, okkar eigin fordóma og vantrú og hræðslu við það að vera öðruvísi og lifa öðruvísi, að það er stór glíma og ég hef stundum líkt þessu ferli að vera baukast úr felum og gangast við sér, þetta er eins og að synda jökulfljót og það er nokkuð sem enginn trúir sem hefur ekki tekið á sjálfur. Þetta er eins og að synda yfir jökulfljót þar sem við erum í jakahrönglinu með misgóða og mismikla handfestu, misgóð sundtök og miskalin eftir aðstæðum. Sum okkar eru svo lánsöm að það er einhver sem kastar út bjarghring og léttir okkur leiðina yfir, aðrir fara verr og sumir snúa við, aðrir verða fyrir jökum og komast aldrei alla leið hvorki fram né til baka. Þetta er eins og synda jökulfljót sem að við förum í gegnum og það er ekki síst gagnvart eigin tilfinningum. Því að þrátt fyrir allt þá búum við við það að alast upp og eignast þá mynd af ástum og tilfinningum að þær eigi að beinast að gagnstæðu kyni. Þetta er sálfræðilegt ferli sem að grópast inn í okkur að á þenna hátt eigi lífið að ganga og að allt annað er rangt hvort sem að fólk velur að kalla það skömm, niðurlægingu, synd, glæp eða eitthvað annað. Svo mikið er víst að við lærum að það er rangt. Það síast inn og þann djúpstæða ótta þurfum við ein að glíma við sem að þurfum að gangast við sjálfum okkur. Umhverfið verður okkur aldrei eins vont og við verðum okkur sjálfum og þess vegna varð ég hrædd. Nú reyndar kom það í ljós síðar að ótti minn var, hann var, ja það var full ástæða til þess að óttast viðbrögð annarra en ég lærði líka að það var full ástæða til að vera hvergi banginn að bæði ég og mikill fjöldi fólks væri reiðubúinn til að standa með mér og okkur og okkar möguleikum og okkar réttindum. Ég lærði hvoru tveggja en fyrstu árin var ég bara hrædd. Hinn óskiljanlegi og óútskýranlegi ótti.

Veistu ég held ég hafi verið búin að prófa allt sem hægt var að hugsa sér. Ég er búin að prófa að vera hent út úr húsnæði tvisvar, deila um vinnuna mína, glíma um forræði yfir barninu mínu, ég held ég sé búin að prófa þetta allt saman. Fyrir utan þessar klassísku upphringingar og aðkast á götum úti, ég er búin að prófa þetta allt held ég. Og það er já, húsnæðismál, tvisvar sagði ég. Í minni fyrstu sambúð með konu þá já ætlaði ég að flytja inn til hennar, og það var nokkuð sem við vorum mjög sammála um, í íbúð sem hún hafði leigt í einhver ár og átt afar góð samskipti við leigulsalann sem bjó á efri hæðinni og þegar hún velur að fara og greina frá því að ég ætli að flytja inn og segja henni líak frá því

hvers kyns sé, að við séum saman, að þá skyndilega rifjast það upp fyrir leigusalanum að nú þurfi hún einmitt að fá íbúðina. Þrátt fyrir þarna hálf tíma samtal yfir sherryglasi við að borga leiguna eins og venjulega, þá rifjast nú það ekki upp fyrir en að hún heyrði það að við séum lesbíur og að ætlum að búa saman að hún þurfi að nota íbúðina fyrir frænku sína. Þetta var fyrsta svona utanaðkomandi áfallið. Fram að þeim tíma hafði maður vissulega deila mín við fyrrum eiginmann minn sem þá var svona í gangi, en þetta var fyrsta vonda utanaðkomandi höggið. Við fórum náttúrulega þarna út og ég var með íbúð annars staðar og við bjuggum þar þangað til að við fengum hentugt húsnæði fyrir okkur saman en þetta var vont, afar vont högg, og við fylgdumst með grannt mánuðum á efir og aldrei sáust gardínur fyrir þessum gluggum, íbúðin stóð auð mánuðum saman. Þetta held ég og vona að mundi ekki gerast í dag, að slík breyting hafi, já slík breyting hafi orðið. Síðan reyndi ég þetta aftur fjórum árum síðar þá var ég orðin harnaðri, þá hvorki grét ég né tók það inn á mig. Ég fór með það sama og fékk mér annað húsnæði og var þá búin að byggja mitt varnarkerfi upp á þann hátt að slíkum árásum hleypi ég ekki inn í landhelgi mína lengur, þær verða að fá að stöðva einhvers staðar. En ég hafði ekki lært það fyrsta árið mitt, þá var ég óvön því að þurfa að búa við eitthvað annað atlæti en aðrir þjóðfélagsþegnar, ég kunni það ekki, þannig að þetta högg var vont, það komst inn fyrir varnarmúrinn og hjá okkur báðum.

Eitt af því sem ég hef lært með árunum, það er að það er að verja landhelgina mína en fyrsta árið mitt úr felum, fyrsta árið mitt á vettvangi sem lesbía þá hafði ég enga landhelgisgæslu hreinlega ekki, bara óvarin miðin og þessi hrottalega árás þegar við vorum reknar úr þessari íbúð, þetta var hrottalegt af því að það komst inn fyrir varnarnar mínar og náði að særa mig mjög mikið. Ekki aðeins mig, sambýliskonu mína miklu meira og eftir á að hyggja þá held ég að það hafi verið svona fyrsta höggið sem að, já fyrsta höggið sem að reyndi verulega á okkar samband og það segir einhvers staðar að okkur var skapað að skilja að þessi nýju og viðkvæmu og brothættu sambönd sem við eigum í þegar við erum að gangast við okkur að verða að auki fyrir höggum af þessu tagi að það gerir lífsmöguleika sambandanna ekki mikla og þetta var fyrsta höggið sem að ýtti okkur sundur. Það er erfitt að taka því.

Ég á tvær minningar, aðra frábæra og hina skelfilega. Fyrstu kynni af Samtökunum eftir að ég gengst við sjálfri mér, þá er ég ekki að tala um það að auðvitað hafði ég hitt stráka sem ég þekkti að norðan sem að höfðu gengist við sér sem hommar og voru að selja hér *Úr felum* fyrir utan Lindargöturíkið og eitthvað svona og ég brosti glaðlega og keypti ávallt af þeim blaðið, ég var ótrúlega liberal kona sjáðu til, hrifin af þessum ungu og stoltu mönnum sem að stóðu með tilfinningum sínum. Flott! En eftir að ég gengst við sjálfri mér, eftir að ég skildi tilveruna þá varð einmitt blaðið sem var fyrsta reynsla mín af Samtökunum. Ég hafði farið norður um sumarið, búin að vera í fárra mánaða sambandi og hreint ótrúlega ástfangin og ástkona mín hún sá blaðið þegar að hún kom út og keypti eintak og sendi mér eitt norður og ég las það upp til agna. Þá sá ég í fyrsta skipti íslenskar lesbíur, viðtal við slíkar og umfjöllun og þetta var ótrúlegt ævintýri að finna tengsl, já við héldum að við værum einar í heiminum, það prófa það allir líka. Það voru fyrstu kynnin, frábært og gáfu mér óendanlega mikið. Nú næsta vetur þá kynntist ég reyndar tveimur lesbíum, Elísabetu Þorgeirs og Stellu Hauks, hafði heyrt af því að þær væru lesbíur og séð til þeirra og vildi svona heppilega til að við vorum í sama pólitíska flokknum, gamla góða flokksa. Og á þorablóti sem er nú í sjálfu sér ekki í frásögur færandi að þau séu haldin í Alþýðubandalaginu, að þar mættu þær saman og eftir að hafa dansað við drengina góða stund og skellt í mig nokkrum glösum þá fór ég og talaði við þær og já kynntist þeim þannig. Það voru fyrstu návígiskynni mín af lesbíum. Nú síðan sé ég að það er auglýst opið hús, kvennakvöld, hjá Samtökunum '78 og þá ætlaði ég að taka skrefið til fulls og fara á hinn félagslega vettvang. Ég hafði verið mjög félagslega virk og starfandi í fjölmörgum félögum, bæði áhugafélögum og í pólitík og stéttarmálum og nú ætlaði ég að vinda mér á þennan félagslega vettvang til að leita að meiri stuðningi og það var auglýst kvennakvöld í Brautarholti, þar voru Samtökin til húsa og ég og sambýliskona mín við leggjum af stað. Fyrsta málið var bara að finna Brautarholtið það gekk tiltölulega vel en ég hef nú komið í skemmtilegra hverfi þegar ég var að leita mér að skemmtun og samskiptum en það var nú svo sem allt í lagi. Það var öllu erfiðara að finna húsið því að því að ég fann seint og um síðir númerið því þetta var svo illa upplýst og það var svo erfitt að sjá húsnumérið en þá var þetta ein af mörgum dyrum þarna í langri lengju í verksmiðju og lagerhverfi. Og hurðin var opin og við komumst inn og þetta átti að vera upp á annarri hæð og það var dálítið erfitt að komast þarna inn því það var ljóslaust, biluð peran og það

þurfti að þreifa sig áfram á milli stæða af pappakössum, þetta var lagerhúsnaði af einhverju tagi og síðan heyrðist svona lágvær tónlist á bakvið einhverja hurð og lagði ljós undir eða birtu, undir hurðina, lítill rifa og þar fundum við semsagt lesbíur Íslands að skemmta sér. Þá var þetta skemmtanameningin sem að Samtökin '78 voru að bjóða upp á. Ég verð að játa, og auðvitað var það að einhverju leiti fordómar mínir, en ég fékk áfall. Að þetta væri það að mér, fullorðinni konu, vanri að fara út að skemmta mér og eiga í félagslegum samskiptum hér og þar en aldrei nokkurn tíma hafði ég lent í nokkru líku þessu, það var annað áfall, þarna hélt ég líka að þótt ég væri lesbía að þá væri ég sama manneskjan og að ég gæti skemmt mér á sama hátt og ég væri vön. Ég gæti gengið inn á huggulega skemmtistaði sem að já væru aðlaðandi og auðvelt að finna og fleira í þá veruna, þannig að þetta var heilmikið áfall. En frábært fólk og fólk er alls staðar gott og mér var svo sannarlega ekki tekið illa. Ég er ekki að tala um það. En þessi erfða staða og hvernig það, sú glíma okkar að standa með okkur sjálfum sem lesbíur og hommar, hvað það er nátengt hinni félagslegu ímynd til að mynda Samtakanna. Það er atriði sem við megum ekki gleyma, að ef að við ætlum að vera með okkar félagsstarf og skemmtanameningu hálfpartinn í felum í úthverfum utan við miðbæinn í illa merktum húsum og þar sem enginn annar mundi fara til að skemmta sér. Ef að við ætlum að staðsetja okkur þar þá erum við líka að staðsetja sjálfsmynd okkar á sama hátt. Að sjálfsmynd okkar sé þá eitthvað sem eigi heldur ekki að vera á almannafæri. Ég var ekki reiðubúin að sætta mig við það.

Ég náttúrulega byrjaði á því sem að mjög margir gera, ég bara sleppti því að mæta þarna meir í megin dráttum. Að auki hafði ég lofað sjálfri mér því að gleyma því ekki að reyna að fara persónulega í gegnum það að vera lesbía og gleyma ekki að rækta samband mitt og annað slíkt heldur fara þá leiðina að drekkja mér í félagsstörfum, það var jú nokkuð sem ég þekkti mjög vel frá því er ég var að lifa sem straight kona og gift kona, að drekkja mér í félagsstörfum, ég kunni svo vel þannig að ég ákvað það að það skyldi ég ekki gera í þessu tilviki, ég skyldi byrja á því að koma mér persónulega í gegnum málið. En það sem að ég gerði það var hreinlega að sleppa því að mæta, góð lausn.

Nei það gerist aldrei. Nei, nei. Auðvitað kom ég síðar á vettvang Samtakanna og var þar viðloðandi í nokkur ár áður en ég tek við sem formaður, svo sannarlega ekki það, en ég hef varðveitt þessa fyrstu reynslu því að hún hefur verið mér hvati og hún hefur verið mér áminning þessi minning, mjög holl áminning um það hvað við þurfum að stíga skrefin af mikilli skynsemi og áminning um það hvað sjálfmynd okkar er brothætt og viðkvæm þegar að við erum að taka þessi skref. Við erum að varpa fyrir róðra þeirri ímynd sem að við höfum byggt upp til fjölda ára. Í mínu tilviki var það straight kona, gift með barn, karríer í vinnu og annað slíkt, pólitískur frami og eitthvað fleira, þetta var sú ímynd sem ég var að byggja upp, mín sjálfmynd. Ég varð að leggja hana gjörsamlega til hliðar og byrja upp á nýtt og á þeim tíma þá er ímyndin og sjálfmyndin svo viðkvæm og brothætt að hvert einasta atriði skiptir máli og mín sjálfmynd þoldi þetta mjög illa að sjá að núna væri mér ætlað að fara á stað til að skemmta mér sem að enginn annar mundi láta sér koma til hugar að fara. En auðvitað hélt ég áfram að vera viðloða Samtökin eftir þetta og ég vil alls ekki að orð mín séu tekin sem svo að ég sé að gagnrýna það að staðan hafi verið eins og hún var, hún var mjög eðlileg miðað við þróun og stöðu mála. Örfáir hommar, örfáar lesbíur höfðu verið sýnileg, hópurinn var mjög lítill sem var að vinna, fjármagn ekkert, betra húsnæði ekki í boði, ímynd okkar var ekki sterkari en þetta, ég er ekki að gagnrýna fyrir það, heldur eins og ég segi þetta er mín, þetta er bara mín holla áminning um að þetta er nokkuð sem við þurfum að vinna okkur frá, þetta er fortíð okkar og það er hollt að þekkja fortíð sína og sögu og gleyma henni ekki.

[*Hvað hefur breyst?*]

Fyrst og fremst fjölgun. Margir góðir hlutir nefnilega höfðu verið gerðir í fámenninu, grettistökum lyft og bæði forverar mínir og mikill fjöldi einstaklinga sem var, sem þorði að lifa opinskátt, þorði að sýna sig, tók þátt í stofnun Samtakanna og þróun þeirra, blaðaútgáfu og fleiru og fleiru, allt voru þetta grettistök hvert á sinn hátt. Og við erum auðvitað ennþá að lyfta grettistökum sjáðu til breytingin sem að ég hef séð er að grettistökun hafa breyst sem betur fer. Því með hverju taki sem við náum þá bíður okkar nýtt og ég held að ég muni ekkert lifa þá tíð að okkar bíði ekki grettistök til að flytja. Og þau hafa auðvitað breyst á þessum tíma frá því að ég kom fyrst til. Það var grettistak á

sínum tíma það eitt að þora vera til og það eru meira en tuttugu ár síðan að hommar og lesbíur þorðu að gera það. Nú þrautirnar breyttust og glímurnar breyttust, það fjölgaði í okkar samfélagi það var eitt sem var mjög greinilegt og með tilkomu nýrrar félagsmiðstöðvar niðri á Lindargötu þá varð starfið mun öflugra, reglubundnara, betra aðgengi að bókasafni, myndbandasafn kom upp og fleira og já og pólistískar áherslur sem urðu æ sýnilegri. En fjölgunin og fjölgunin á þeim sem voru sýnilegir og þorðu að gangast við sér, það náttúrulega er það sem að skiptir mestu máli. Því að í allri okkar vinnu þá er það nú svo að það er hvorki einhver einn né heldur ein stofnun sem að sér um að tilveran haldi áfram og þróunin eigi sér stað. Kraftaverkin gerast hjá hverjum og einum og það voru orðin svo mörg dæmi um einstaklinga sem að þorðu að vera það sem þeir voru án þess að fara í launkofa og felur með tilfinningar sínar, þeim fjölgði stöðugt og hvert og eitt okkar er eins og steinn sem hent er í kyrrt vatn, yfirborðið gárast og gárurnar ná lengra og lengra og við erum og það voru orðnir svo margir sem náðu að gára þetta yfirborð og yfirborð kyrrstöðu. Þetta var kyrrstaða í okkar málum, í okkar lagalegu réttindum og öðru slíku það var algjör kyrrstaða en vatnið gáraðist af öllum þessum einstaklingum. Það er ekki eingum einum að þakka og ekki heldur Samtökunum '78 í sjálfu sér heldur öllum einstaklingunum sem móta og mynda þessi samtök. Það er nefnilega svo með öll félög að þau eru einvörðungu þeirra einstaklinga sem þar eru.

Ég hef alltaf sagt já ef ég hef verið beðin fyrir viðvik fyrir Samtökin og þau hafa verið mörg og mismundandi, að skúra á Lindargötunni áður en húsið var opnað formlega eftir framkvæmdirnar þegar við fengum það fyrir félagsmiðstöð, skrifa grein í blað, nú eða taka mér formennsku. Ég hef reynt að segja já ef ég hef verið beðin um viðvik því að ég geri mér grein fyrir því að það að ég næ sátt og get lifað í dag sem lesbía án þess að vera í stöðugri baráttu það er að þakka öllum þessum hópi sem Samtökin hafa virkjað saman og náð að samtengja. Auðvitað segi ég já, ég er ekki bara að segja já við Samtökin heldur er ég að segja já við sjálfa mig í leiðinni og þegar ég var beðin um þetta viðvik að taka að mér formennsku þá sagði ég já við því líka það var nú ekki flóknara en það.

Hvað blasti við? Skemmtilegt, ég hef aldrei gert þá spurningu upp við mig. Ég ætla að prófa og ég ætla að taka það svona í þeirri röð sem að það kemur til mín. Það blöstu við

mér klíkur. Andstæðir hópar sem að mökkuðu sig saman um ákveðin málefni eða ákveðin atriði eða bara um það eitt að vera á móti einhverjum öðrum. Sundurlyndi, þröng peningastaða, erfitt húsnæði og skortur á því sem ég myndi kalla faglegur eða professional rekstur á félgasamtökum. Ég var jú með fimmtán ára reynslu af þessu fyrirbæri frjálsum félgasamtökum eins og það heitir þegar að ég gerist formaður Samtakanna '78 þannig að ég þekki þann rekstur vel og það blasti við mér búskapur sem ég var ekki sátt við, skortur á faglegum rekstri félgasamtaka. Að auki blasti við mér að ég var ekki nógu sátt við þá ímynd sem samtökin höfðu á sér út á við, mér fannst skorta á viðurkenningu og virðingu Samtakanna fyrir þeim mannréttindapætti og jafnréttisþætti sem að Samtökin eiga að standa fyrir og það var sú ímynd sem að ég vildi markaðssetja, hreinlega selja, koma á framfæri. Þetta voru stærstu verkefni sem blöstu við mér.

Ætli ég hafi ekki gert það sem að allir byrja að gera. Ég byrjaði á því að skúra mig inn í húsið. Ekki af því að það væri svo mikil þörf í því í sjálfu sér en það er best að byrja á smáverkunum. Ég byrjaði síðan á því að fara ofan í hvern einasta plastpoka og pappakassa sem ég fann, og ég fann þá víða og marga, og leita uppi skjöl Samtakanna hér og þar allt frá upphafi og skjöl allt frá því fyrir byrjun stofnunar Samtakanna '78, það er að segja frá Icelandic Hospitality tímanum, og ég eyddi vikum í að fara í gegnum þessa pappíra og reyna að skilja við hverju ég væri að taka. Ótrúlega merkilegt verk. Og nú ætla ég að segja það sem ég er búin að segja mjög oft og mun með gleði segja mun oftast hvar sem ég fæ því viðkomið, það er að ég tek ofan fyrir forverum mínum. Ég tek ofan fyrir þessu fólki sem hefur unnið í gegnum tíðina. Því hafi mér þótt ýmislegt blasa við og margt sem ég vildi gera og ná fram að þá biðu þeirra björg að hreyfa og þau höfðu hreyft það. Ég dáíðist að elju og atorku þessa fólks sem hafði rutt brautina og opnað veg og allt fólkið, öll nöfnin, allir einstaklingarnir sem ég fann í þessum pappírnum og þessum rykföllnu skjölum sem nú er allt komið snyrtilega inn í möppur í hillu hjá Samtökunum '78, þetta var ævintýri líkast, þetta var eins og gullgröftur. Þetta voru fyrstu vikurnar mínar, að skilja og átta mig á því, þetta voru verkefni sem þau fóru í gegnum. Þetta voru verkefni þeirra tíma sem höfðu komist svo og svo áfram og síðan hvað beið þá okkar sem vorum að taka við. Þegar ég kem sem nýr formaður þá er stjórnin sem kemur með mér að mestmegnis ný líka. Þannig að það var ekki aðeins ég heldur fleiri sem voru að taka við.

Já og nei, já og nei, það eru svo margar hliðar. Fyrst fannst mér auðvitað ekkert ganga og ég var lengi að komast inn í mál, tengjast Samtökunum á þessum vettvangi. Ég sagði að ég hafði verið viðloðað en ég var reynslulítill, hafði aldrei setið í stjórn og þekkti ekki til fjölmargra af þessum daglegu þáttum. Margt gekk vel í byrjun eða hratt, það er að segja að ráða starfsmann sem var svona forgangsmál hjá mér að festa starfsmann fyrir Samtökin til að tryggja það að það væri hægt að byggja upp faglegan rekstur, með föstum skrifstofutíma og aðhaldi í kringum hin daglegu mál og það gekk vel og gekk eftir. Á þeim tíma fór ég að huga að nýju húsnæði fyrir Samtökin, kringum borgarstjórnarskipti, hafði ekki erindi sem erfiði fyrir utan það að við fengum reyndar nokkuð veglegan styrk frá Reykjavíkurborg til að gera við þetta gamla hús okkar til að þrauka þar þangað til fengist varanleg lausn á okkar málum. Það tókst og gekk tiltölulega fljótt. En svo stend ég núna í dag þrem og hálfu ári síðar með sama mál blasandi við mér að húsnæðismál til framtíðar eru ekki leyst. Nú hvað varðar að koma faglegum rekstri á innra starfið, að byggja upp, reyna að byggja upp samheldni félaga, reyna að minnka úlfúð, flokkadrætti, átök, sundurlyndi, reyna að fá fólk til að líta á Samtökin sem jákvæðan vettvang, eitthvort sameiningartákn fyrir okkur. Ég reyndi. Ég vona að ég hafi komið einhverju áfram þar. Þannig að við eigum ríkari samtök þar sem fólk kys fremur að snúa bökum saman heldur hvert gegn öðru. Og svo ég haldi nú áfram bara að tala um þetta innra mál að þá uppgötvaði ég það mjög fljótt og mér þótti það merkilegt að á vettvang Samtakanna kom enginn, hvorki ég né neinn annar, til þess að vinna að almennum félagsstörfum. Það gerum við í öðrum félögum en ekki í Samtökunum '78. Þar komum við með sjálfsmyndina okkar svo og svo skrapaða og beyglaða eftir jökulfljótið. Við komum með þessa viðkvæmu sjálfsmynd þegar að við mætum á vettvang Samtakanna '78 og þótt að við séum nú mörg sem að erum þokkalega gróin eftir jökulfljótið, allt grær nú um síðir, að þá var nú sagt í minni sveit að það er betra heilt en vel gróið, þannig að við komum með þessa skrámuðu, öróttu, litlu og stundum veikburða sjálfsmynd undir handleggnum þegar við mætum til Samtakanna 78 og ég lærði það til að mynda á fyrsta dansleiknum sem var haldinn eftir að ég tók við sem formaður að mikill fjöldi fólks kom til að kaupa miða ekki til að kaupa miða heldur til að taka loksins út reiði sína og ergelsi gagnvart straight skemmtistöðum heimsins sem að höfðu verið ömurlegir og ekki hleypt okkur inn eða hent okkur út og ekki tekið okkur á okkar forsendum og reiði okkar og biturð var með í

farteskinu þegar fólk kom til að sækja sér miða á ball Samtakanna '78. Þetta lærði ég á fyrsta kvöldinu mínu til að mynda og ég skildi það og ég skil það því ég er ein af þessum hópi líka og það er það sem gerir það að verkum að fyrir okkur er það ekki bara mikilvægt að Samtökin séu jákvæður vettvangur, sameiningartákn þar sem að við snúum bökkum saman, stöndum saman og skynjum að við styrkjum hvort annað og hvert annað það er ekki bara mikilvægt það er lífsspursmál, hvorki meira né minna en lífsspursmál út af þessu. Við erum ekki að koma í almenn félagastörf við erum komin til að vinna og vera lesbíur eða hommar með okkar veikburða sjálfsmynd og ef að vel tekst til og okkur tekst að halda Samtökunum sem þessum jákvæða, frábæra stað sem getur styrkt okkur þá komum við sterkari og betri manneskjur til baka. Ef það mistekst þá er það rothögg fyrir okkur. Þess vegna segi ég þetta er lífsspursmál fyrir okkur og þess vegna var það sem að þessi áhersla mín á að reyna að byggja upp Samtökin sem þennan sameiginlega vettvang og alls ekki sem stað fyrir ólíkar klíkur, fyrir ólíka hagsmuni, fyrir árekstra og átök og annað slíkt. Það verður bara að fara fram annars staðar. Það getur bara farið fram úti bæ. Það þarf ekki að gerast á vettvangi Samtakanna '78 þar eigum við að sinna öðrum málum og við verðum að gera það. Að þessu reyndi ég að vinna að í þrjú ár ásamt fleirum. Okkur miðaði en það má aldrei fara úr brúnni það þarf að fylgja þessari stefnu eftir. Þetta er kanski það annað grundvallaratriði sem ég tel mig hafa fengist við. Hitt grundvallaratriðið var það sem ég nefndi við þig áðan með markaðssetningu á ákveðinni ímynd fyrir Samtökin '78. Gott og vel, fólk leit á okkur sem einhvern hóp þar sem fólk, þar sem hinar kynlegu hvatir söfnuðust saman, fólk sem ætti það eitt sameiginlegt að elska hitt, nei elska sama kyn. Í hugum og augum margra voru Samtökin '78, ja sumir litu á þetta sem einhverskonar kynlífsklúbb, það var enn þá verið að hringja niður í Samtök til að panta, hjón að panta einhvers konar tilbreytingu í kynlífið sko, konan hafði alltaf haft einhvern áhuga á stelpum hvort þau gætu fengið eina bara bæði í bólið til sín og allt þetta. Þetta var ennþá að gerast að fólk hélt að Samtökin '78 væru kynlífsklúbbur á einhverju tagi af því að við sameinuðumst um það að við hefðum aðra kynhneigð heldur en meirihlutinn og að fólk áttaði sig á því og lærði það að kynhneigð er allt annað en kynhegðun. Kynhegðun er allt annað mál bæði hjá samkynhneigðum og hjá gagnkynhneigðum. Kynhneigðin sem við sameinumst um er einfaldlega á þeim grundvelli að okkur megi ekki mismuna á grundvelli hennar. Að við krefjumst þess tilfinningafrelsis sem er

grundvallarmannréttindi. Það tilfinningafrelsi að elska þann sem við kjósum og gjalda ekki fyrir það heldur að njóta sama réttar og aðrir þegar samfélagsins að við þurfum ekki að sleppa sjálfgefnum réttindum sem við fæðumst með inn í þetta samfélag að við þurfum ekki að sleppa þeim daginn sem við göngumst við okkur. Það er sú kynhneigð sem við stöndum saman um, það er það mál sem að við þurfum og megum aldrei gleyma. Það er hverju samfélagi varasamt að ýta hópi þegna sinna út í horn. Það er dýrt spaug að eiga óhrein börn úti í horni sem njóta ekki jafnréttis á við aðra hvorki í lagalegu tilliti né félagslegu eða menningarlegu. Við þetta búum við og ég segi stundum að mér finnst að Samtökin '78 séu á þessum vettvangi að vinna starf sem að allt samfélagið ætti að miklu fremur að vinna heldur en við og ég get afskaplega vel séð fyrir mér að hinn frægi meirihluti þjóðarinnar sem ekki er samkynhneigður að hann tæki upp fánann og baráttuna ekki síður en við. Þetta er sama mál eins og með nýbúa. Er það einkamál fólks af asísku bergi brotið að það sé lamið hér á skemmtihúsum. Er það eitthvað einkamál þeirra sem að þau eiga ein að beita sér gegn? Þvert á móti það kemur mér við þótt að ég sé ekki af asísku bergi brotin því þarna er verið að brjóta rétt á þegnum í okkar ágæta landi, það afsiðar okkar samfélag það er hættulegt og varasamt að leyfa slíkt því að hver sú afsiðun, hvert það mannréttindabrot sem við umberum hversu lítið sem það er, það er bara ávísun á næsta og næsta og og næsta. Og til að rifja þá sögu upp þarf ekki annað en að líta til Þýskalands nasismans í þriðja ríkinu þar sem hommar og lesbíur voru tekin af lífi, gösuð umvörpum ásamt öðrum sem þóttu ekki þóknanleg. Ekkert samfélag hefur efni á því að láta þetta spil fara í gang og íslenskt samfélag hefur ekki efni á því. Þennan mannréttinda- og jafnréttisþátt berjumst við fyrir og viljum vinna með öllum þeim sem að fara í sömu átt og þetta er hin pólitíska hlið í okkar starfi sem að má ekki líta fram hjá. Ég legg mikla áherlsu á þennan þátt og unnið mikið bæði með öðrum mannréttindasamtökum og herna stjórnmalafólki og fleirum og ég held að sú vinna hafi borið árangur. Ég tel að ímynd Samtakanna hafi breyst og fari nú nær hinum pólitíska væng. Það er gott og það er rétt.

Þar vil ég hafa hinn pólitíska arm en ég vil náttúrulega hafa Samtökin tvíarma sjáðu til það er alltaf heppilegast. Ég vil sjá hinn arminn sem að er hinn menningarlegi þáttur, menningarlegi og félagslegi þáttur sem ekki er aðskilinn og þegar að ég segi menning þá er ég að tala um allt það sem að maðurinn aðhefst í krafti samfélagslegrar þátttöku á

einhvern máta. Við eigum okkar menningu og sögu og tilvist, samkynhneigðir, sem er um margt frábrugðinn sögu hinna, eðlilega. Menningarþátturinn er nokkuð sem að ég vil sjá sem hinn arm Samtakanna, með öflugt bókasafn, öflugt myndbandasafn, með félagslegan vettvang fyrir okkur og okkar fólk, með ræktun á söguskoðun, á okkar sögu, á okkar fólk, á okkar fortíð, á okkar nútíð og okkar framtíð. Það er það sem að ég vil sjá jafnvígt hinum pólitíska armi. Þessa tvo arma já myndi ég vilja sjá nokkuð samhliða. En á minni tíð þá lagði ég meiri rækt við hinn pólitíska arm, ég taldi það það réttara og eins voru aðstæður, þegar ég segi ég taldi það réttara þá er reyndin sú að aðstæður voru með þeim hætti að þær buðu upp á það. Þær buðu upp á það vegna þess að fyrir lágu tillögur nefndar um úrbætur í málefnum samkynhneigðra sem féll síðan í minn hlut að fylgja eftir og sjá fara í gegnum Alþingi og verða að lögum og undirbúa þá næstu skref á vettvangi löggjafans. Þannig að það var mjög eðlilegt og beint við fyrir mig að taka hinn pólitíska gunnfána. Nú það hentaði mér líka kanski best, það er sá akur sem ég þekki mest og hef mest unnið á en ég vil þó ekki líta svo á að eigi telji ég að Samtökin eigi einvörðungu að sinna þeim fána. Það er menningarþátturinn sem við þurfum að rækta jafnhliða en það hafði verið gert af myndarbrag en við þurfum að ná jafnvægi á milli þessara tveggja þátta og síðan þurfum við svo síðan að sjá í þessu landi að Samtökin sem félagsskapur með hinum menningarlega og sögulega og pólitíska front, nái að vinna við hliðina á góðum gay skemmtistöðum og veitingahúsum og öðru slíku, þannig að það myndist svona heilstætt kerfi hér þar sem við getum gengið að okkar gay hlutum þar sem við viljum. Það á ekki allt að vera innan vébanda Samtakanna. Alls ekki. Pólitíkin, hinn menningarlegi þáttur og síðan inn á við sjálfsræktun og móttaka þeirra sem eru að koma á vettvang því eigum við að sinna. En vonandi eigum við eftir að sjá Samtökin blómstra. Ég vil sjá þau blómstra á þennan hátt við hliðina á öflugri skemmtanamenningu og veitingahúsamenningu og búðamenningu og hverju sem er á okkar vegum. Indæl framtíðarsýn.

Eitt af því sem að einkenndi svolítið störf mín sem formanns á þeim þrem árum sem ég sat þarna í röð, það var að já, sem hluti af þeirri markaðssetningu minni sem ég nefndi áðan svona mannréttinda- og jafnréttismál, það var að ég fór í kappræður við helstu pólitíttá sértrúarsafnaða hér á landinu og ég náði þeim öllum held ég. Gunnari í Krossinum, Snorra í Betel, Friðriki Schram hjá já Ungt fólk með hlutverk eða eitthvað

slíkt og trésmiðurinn sem stofnaði kristilega stjórn mála flokkinn, ég náði kappræðum við þá alla. Og ég hélt jöfnu í öll skiptin og náði gjarnan yfir markið. Það var nokkuð óvenjulegt vegna þess að Samtökin höfðu venjulega ekki sent fulltrúa til að ræða við þessa kapp enda eru þeir í flestum tilvikum að hella óhroða yfir okkur og okkar líf, okkar líferni og með sleggjudóma og bókstafstrú sem þeir neita að líta af en ég sem sagt valdi að taka slaginn og sem lið í því að undirstrika að afstaða okkar, þar á meðal í biblíulegum og kirkjulegum málum, snýst alls ekki um bókstafi biblíunnar heldur skýr mannréttindamál. Og þetta er sem sagt nokkuð sem að ég hef gert á síðustu þrem árum að ég held og náð þeim öllum. Ég gekk oft út með ansi mikið adrenalín í blóðinu eftir slíkar viðræður skal tekið fram, en gekk þó að halda tiltölulega ró minni. Þetta var sérstök upplifun. Um margt var þetta ögrandi, það er ögrandi að lesa heima og fara síðan í lotuna og sjá hvort maður hefur hana eða ekki, ég hef talsvert keppnissskap. En um leið er það líka erfitt og það reyndist mér tilfinningalega erfitt sem formanni að sitja fyrir framan alþjóð að verja mínar eigin tilfinningar og félag minna. Það fer alltaf eitthvað undir skrápinn þótt ég sé með góða landhelgisvörslu. En þetta er nokkuð sem að ég held að hafi einkennt mitt tímabil sem formanns, það er að hafa tekið þessar kappræður. Ég sé ekki eftir því. Ég tel að það hafi betur verið gert en ógert.

—

Ég hef ekki áhyggjur af stöðu okkar sem samkynhneigðra en ég hef hins vegar áhyggjur af vexti og viðgangi þessara hópa. Ég hef löngum sagt að við urðum vinsælt skotmark um tíma fyrir bókstafsstrúarmenn, það er að segja fyrir hatursfulla hópa sem vilja finna sér óvin, því það er svo erfitt að sameina fólk um jákvæða hluti en það er svo auðvelt að sameina fólk í æsing og hita gegn einhverju, það er það einfaldasta sem til er og þessir bókstafsstrúarhópar þeir hafa notað þetta einfalda trix til að fjölga í félagatalinu sínu, að fá fólk á móti, galdrabrennur trekkja alltaf og hafa alltaf gert. Við erum vinsæl, við erum áberandi, við erum að lyfta okkur á ákveðinn stað, við erum að fara í gegn með ákveðin mál, grundvallarbreytingu í samfélaginu sem er viðurkenning á okkar þörfum og okkar tilvist og okkar tilfinningafrelsi. Þess vegna hafa þeir farið gegn okkur. Fyrir öld var biblían notuð til að lemja konur með enda eiga konur að þegja á samkomum, þær eiga að bera tákn um yfirráð karlsins á höfði sér, sem er bannað að skerða hár sitt og svo

framvegis etc etc. Biblían er konum miklu verri en samkynhneigðum en í dag er það ekkert vinsælt að vera með kvenfyrirlitningu og menn þegja þótt þeir hafi hana margir. En við urðum vinsælt skotmark til þess að geta sameinað lýðinn um eitthvað, gegn einhverjum óvini. Við erum að sleppa í gegn. Meira að segja Snorri í Betel er búinn að þegja síðan að verndarákvæðin gengu gildi fyrir bráðum ári. Nú er það refsivert að ráðast að okkur með háði eða smán eða rógi eða slíku. Hann hefur þagað, hann veit sinn veg en svo verður næsti hópur. Það er bara tilviljun að þau eru búin að vera juðast á bakinu á okkur, eftir einhver ár verða það nýir hópar. Í Bandaríkjunum til að mynda er vinsælt núna að ráðast gegn fóstureyðingum, nú eða nýbúum sem hafa önnur trúarbrögð. Það er nú endanlega gengið frá þeim í biblíunn i, trúvillingunum, þeim sem að ekki játa hina einu og sönnu trú, þeir eru rétttræpir þannig að það er nóg af hópum eftir til að sameinast gegn. Við hættum að vera í sviðsljósinu bráðum þannig að ég hef engar áhyggjur okkar vegna og við getum auðveldlega varið okkur, við erum búin að læra það, ég býð hins vegar spennt og áhyggjufull hverjir verða næstir að taka við höggunum. Örfhentir, nú eða miðlar, samkvæmt biblíunni er það nú talið verra að hafa spádómsgáfu heldur en að vera hommi. Þannig að við skulum ekki gleyma því að það eru margir í hættu. Og ég hef stundum sagt að fordæming Snorra og Gunnars og þeirra félaga allra, að það lendi á okkur, við erum í finum hópi, við erum í félagsskap með nær öllu mannkyni, því samkvæmt biblíunni og boðum og bönnum sem þar ríkjá þá erum við öll bersyndug. Og það er bannað að vinna á hvíldardaginn, þú ert rétttræpur, ættum við að setja allt vaktavinnufólk í hóp syndara? Iss, við erum í finu kompaní við hommar og lesbíur, við erum ekki syndugri en aðrir og þurfum ekki meira umburðarlyndi en aðrir. En fólk neitar að horfa á þann hátt á þetta og almennt er þjóðin illa lesin í biblíunni þannig að fólk lætur segja sér hvaða kjaftæði sem er. Út á það hafa þeir gert þessir ágætu útgerðarmenn guðs á hans eigin orði að þeirra eigin mati. Ég held stundum að þeir séu í beinu símasambandi. En við erum í finu kompaní með öllum öðrum, ekki syndugri en aðrir.

Það var kraftaverk hvernig það var gert við náðum að flýta því verulega með þessu Samtökin. Og það sem að var frábært var það að málið fór í gegn með stuðning nær allra þingmanna það er ástæðulaust að telja eitt mótatkvæði og eitt hjásetuatkvæði nær 50 þingmenn greiddu einróma samþykkt með og þeir sem að töluðu flestir tjáðu sig um að

Þeir vildu flestir sjá að skrefið væri tekið stærra að barnabátturinn væri ekki undanskilinn að kirkjulega málið væri ekki undanskilið. Við fórum í gegn með glimrandi stuðningi Alþingis þetta er öfugt við það sem að gerðist til að mynda í Svíþjóð þar rétt smugu lögin í gegn með litlum mun og fólk var jafnvel viðbúið að það myndi falla. Hér á Íslandi held ég að við séum að njóta fámennisins. Stuðningur Alþingis og löggjafavaldsins hversu hratt þetta gekk hversu stuðningurinn var viðtækur, ekki aðeins hjá löggjafarvaldinu heldur miklu, miklu víðar hjá embættisfólki, hjá almenningi dagana í kringum lagasetninguna maður fór ekki og setti bensín á bílinn og keypti gos í sjoppunni án þess að taka við hamingjuóskum. Þjóðin var með og studdi við bakið á okkur. Þarna held ég að við höfum verið að uppskera fyrir það fámenni sem gerir það að verkum að við hommar og lesbíur á Íslandi við hverfum aldrei, við hverfum aldrei í einhvern subkúltúr eða underground neðanjarðarmenningu við hverfum ekki þangað. Við verðum ekki ghattó inni í Reykjavík eins og hommar og lesbíur eru í stórborgum erlendis. Við erum svo fá að við getum það aldrei, við týnumst aldrei, í fjöldanum því honum er ekki fyrir að fara. Þannig að við erum áberandi og gárum vatnið og hvert og eitt okkar þekkjum svo og svo marga. Flestir á landinu eiga homma eða lesbíu í fjölskyldu eða vinnustað einhvers staðar svo nálægt að þú getur ekki leyft þér að afgreiða okkur sem annars flokks fólk sem ber engin réttindi. Þarna höfum við notið fámennisins, svo höfum við notið þess að Íslendingar þetta er upplýst þjóð það er auðvelt að ná til heildarinnar í gegnum fjölmiðla til dæmis með upplýsingar með okkar málstað og með málflutningi höfum við náð að ég held inn á öll heimili landsins við höfum notið þess. Svona getur þú ekki menntað þjóðir eða komið upplýsingum til skila á einu bretti í stórum löndum en þetta getum við hérna. Svo hitt náttúrulega líka að við Íslendingar erum ekki strangtrúað fólk í þess orðs merkingu við erum ekkert að taka of hátiðlega eitt og annað við látum okkar réttlætiskennd ráða og almenna skynsemi ráða. Á meðan bæði í Noregi og Svíþjóð ertu með harðar deilur frá pólitískum kirkjuflokkum röktum trúarlegum hægri flokkum. Á meðan þeir eru í andófi gegn okkur þá bara brúkar fólk hér skynsemina allir nema þessir örfáu pótindáttar sem að reka sértrúarsöfnuði. En þeim hefur svo sem orðið lítið ágengt. Meirihluti þjóðarinnar sem betur fer, við erum kreddulítill þjóð.

Það virkar, ég get sagt þér það að það kom mér feikilega á óvart að dagana í kringum gildistöku laganna eftir að hafa verið inn í þessari umræðu og átökum fram og til baka hversu langt ætti að gangi hvað við ættum að samþykkja og vera tilbúin að lýsa stuðningi við mmm.. biðin óþreyjan, vorþingisspennan, allt ég vissi að þetta yrði mikil breyting en gegnum allt þetta ferli hafði ég aldrei áttað mi á því að þetta yrði okkar aldamót að þetta yrðu okkar siðaskipti ég hafði ekki áttað mig á því hversu gríðarleg áhrif þetta hefði. Ég grét og hló á víxl í kringum gildistöku lagana ég er ekki að ýkja. Og við vorum fleiri sem vorum ýmist á grát eða hlátursstiginu. Á miðnætti þegar að lögin gengu í gildi og við söfnuðumst saman í Fríkirkjunni mikill fjöldi samkynhneigðra, vina og ættingjar kanski á annað hundrað manns svona nótt sem við hreinlega grétum saman lögin voru... miði heim allir samkynhneigðir við höfum verið í útlegð einhverjir segja sjálfskipaðri útlegð en það er ekki svo við höfum ekki haft rétt, við höfum ekki haft viðurkenningu, við höfum ekki einu sinni lagaheimild til þess að lifa samkvæmt okkar tilfinningum við vorum eins og útlagar í eigin landi. Og hversu mjög hafði tekið á okkur skynjuðum við án efa þessa nótt þegar að lögin komu, því þau voru aðgöngu miði, þau voru miði heim sem sagði þið eruð þegnar hins íslenska lýðveldis ykkur ber réttur, ykkur ber jafnrétti á við aðra þegna eða langleiðina, gjörið svo vel. Þið meigið vera til. Og við sem höfðum verið til þrátt fyrir allt og þrátt fyrir alla andstöðu, þrátt fyrir fordóma, þrátt fyrir réttleysi, þrátt fyrir hvað sem var, loksins fengum við að vera til af því að, ekki bara þrátt fyrir að og það að snúa úr útlegð með þessa heimild ekki aðeins löggjafans, heldur einnig yfirlýsingar þjóðarinnar, gleymum því ekki. Það var ólýsanleg stund lagasetningin snýst nefnilega minnst um það að fólk geti gift sig þó að vissuélga séi það inntak laganna... gott og vel gott og vel við getum það en tilboð um að snúa heim og verða ekki lengur réttlausir útlagar í eigin landi heldur þegnar með viðurkenningu á tilvist okkar og rétti þetta er eitthvað sem ekki er hægt að lýsa með orðum.

Þjóðkirkjan er ekki sú stofnun sem að ja byrjum aftur... Þjóðkirkjan er ekki sú stofnun sem að stendur fyrir byltingum og Þjóðkirkjan er ekki stefnumótandi afl í samfélaginu lengur. Þjóðkirkjan er ein af þessum nokkuð steinrunnu stofnunum sem að tifa sinn gang hægt og örugglega og breytist líka hægt og örugglega. Það stendur einhvers staðar tímarnir breytast og mennirnir með. Mér finnst stundum meiga bæta við þetta og segja:

Tímarnir breytast og mennirnir með seint og illa, og kirkja ætlar bara að sanna þetta. Ég átti heldur ekki von á öðru og í kirkjunni mun það sama gerast og alls staðar annars staðar. Við vorum til án þess að hafa heimildina, við bjuggum saman, við elskuðumst, við nutum þess að eiga tilfinningar, án þess að hafa til þess nokkuð leyfi, þess vegna fengum við heimboðið, þess vegna fengum við umboðið til þess að koma heim, þess vegna fengum við lög sem að staðfesta tilvist okkar, þess vegna stöndum við réttarfarslega mjög vel, það verður það sama með kirkjun. Það er starfandi áhugahópur um trúarmál og trúarlíf lesbía og homma hjá okkur. Við eigum presta innan okkar raða, við hyggjum á landvinninga, við ætlum að iðka trú eins og hver annar hvað svo sem stofnunin Þjóðkirkjan segir og með því mun kirkjan að lokum láta undan og sjá hvers kyns er og opna sínar dyr en það mun þurfa að koma frá okkur sú vinna. Það er svipað eins og löggjafinn heldur okkur frá tæknifrjógvunum og frumættleiðingum og öðru slíku það er að segja löggjafinn ætlar ekki að hjálpa okkur að skaffa okkur börn en það skiptir engu máli löggjafinn hefur hingað til ekkert stýrt því hvernig og hverjir eignast börn og samkynhneigðir munu skaffa sér börn eins og við höfum alltaf gert það hefur ekkert með málin að gera. Seint og um síðir þá mun samfélagið átta sig á því og gefa okkur viðurkenninguna, við verðum að vinna það líka. Það er einfalt mál. En þáttur kirkjunnar það er liðin sú tíð að það sé hent er borðum og tekið til í þeim musturum sem saurga kærleiksboðorðið það er ekki gert hjá Þjóðkirkjunni. En trú er eitthvað sem að við afsölum okkur ekki og sú bibliútúlkun sem að hluti þjóðkirkjumanna og sértrúaðsöfnuðir hafa ástundað, það er eitthvað sem er þeirra áhyggjuefni og segir meira til um þeirra stöðu en nokkurn tíma okkur. Ég hef þannig séð meiri áhyggjur af Þjóðkirkjunni og innviði hennar heldur en nokkurn tíma stöðu homma og lesbía. Við munum spjara okkur. Ég vona að kirkjunni takist það líka, það hefur ekki gengið vel að undanfögnu.

Allt á vegum kirkjunnar og ég hef fengið það svar frá klerki einhvern tímann þegar ég var í erindi á vegum kirkjunnar að benda á þetta að við teldum að það væri verið að neita okkur um þjónustu og þá benti nú einn klerkurinn á þetta „En þið eruð nú jörðuð“.

Skírnin og ferming það er ennþá þegar allir trúa að við séum straight það er gert út á það ef þú segir að þú sért ekki eitthvað annað þá ertu straight. Ef þú gengur út á götu og þá halda allir sem horfa á þig að þú sért straight ekki það að fólk hugsar það meðvitað heldur

er þetta er bara normatíft ástand. Og á meðan þetta normatífa ástand ríkir sem sagt við skírn og við fermingu þá er okkur veitt þjónustan en næst er það jarðarförin auðvitað er þetta þversögn, auðvitað er þetta því lík tilvistarkreppa að stofnun sem kennir sig við kærleiksboðorðin að sú stofnun skuli loka sínum dyrum fyrir fullri þjónustu fyrir samkynhneigðra. Þetta er svo ótrúlegt, þetta er svo fátíðlegt að það tekur ekki tali það er að segja að fyrirtæki sem að gefur sig út fyrir að selja ákveðna vöru við skulum bara líta kúl á dæmið það er en enginn munur á kirkjunni og öðrum stofnunum. Það er að selja ákveðna vöru það er kærleiksboðorðið og það er umburðarlyndið, og að allir menn séu jafnir fyrir guði og hver og einn skuli fá að lifa nákvæmlega eins og hann er og að sannleikurinn muni gera okkur frjáls. Þetta er varan sem er verið að selja okkur en þegar samkynhneigðir koma úr felum með sinn sannleika og hætt að lifa í lyginni þá á sannleikurinn ekki að gera okkur frjáls þá er sú vara, sú hilla ekki í boði fyrir okkur þá er hún bara í boði fyrir aðra og kærleiksboðorðið jafnar stöðu allra þá lokast sú hilla líka. Þetta heitir nú dálítið léleg kaupmennska að loka bara hillunni á hluta kúnnanna.

Baráttu fóstura á súperlaunum það þorði enginn að segja lesbísk fyrr en að ég sagði það og þá var það kölluð sóðafyrirsögn. Ha ha ha...

Ég hafði prófað að hafa verið sett tvisvar út úr húsinu fyrir að vera lesbía. Ég hafði fengið upphringingar, aðkast á götu, ég lenti í forræðisdeilu út af dóttur minni. Ég var búin að vera óttaslegin um vinnuna mína. Hvað myndi gerast ef einhver veldi að gera það að já gera það að efni, brúka það gegn mér að ég væri lesbía, ég var búin að hafa áhyggjur af því. Auðvitað kom að augnablikinu þar sem að það gerðist. Ætli ég hafi ekki haft áhyggjur allt frá því 1970 þegar ég horfði á unglíng ganga niður gilið á Akureyri, með allan gagnfræðaskólann, hundruði grýtandi sjnóboltum á eftir þessum unglíngi og kallandi þessa stúlku tvítólu. Ætli ég hafi ég ekki haft áhyggjur að eftir mér myndu bíða þessi svipugöng. Alla vega man ég það að ég fór heim og var hin fegnasta að sjá að það væri enginn skeggvöxtur, röddin var alveg hreint eins í hverjum öðrum og líkamlega eins og hver annar. Já ég var sem sagt ekki ein af þessum skelfilegu hraksmánarlegu fyrirbærum sem gengu svipugöng niður gilið á Akureyri og trúlega hef ég alltaf verið að forðast þessi svipugöng. Jú, jú ég kom nokkuð vel úr felum en þegar ég var rekin úr húsnæði í tvígang

Þá kaus ég að þegja, láta mig hafa það til þess að fá frið. Ég lúffaði í forræðisdeilu vegna dóttur minnar, ég lúffaði þegar að lögfræðingur neitaði að taka málið fyrir mig, ég lúffaði þegar mér var ráðlagt að sleppa forræðinu. Ég lúffaði alltaf og bara fór eða þagði til þess að fá að lifa í friði. Það kom loksins að því að það var gengið nógu nálægt mér til þess að ég lúffaði ekki og gekk mín svipugöng og það get ég sagt þér þau voru ekki auðveld en ég þurfti að taka þeim og ég hafði betra bak en ég hélt til að bera það var þegar var gengið svo nálægt atvinnuheiðri mínum að það leit út fyrir að ég yrði að hverfa fyrir fullt og fast frá því sviði sem ég var í fimmtán ár sem ég var búin að byggja upp, mínu starfsviði, jú 15 ár. Ég var leikskólastjóri í Hafnarfirði á leikskóla sem að sem að ég hafði sjálf tekið þátt í að skipulegga og kynjaskipting var grundvallaratriðið í stefnu og starfi skólans. Það er að segja stúlkur og drengir já sundurskilin á ákveðnum tímum til að styrkja hvort kyn fyrir sig. Ég ætla nú ekki að halda langa ræðu um það í sjálfu sér en þetta er ákveðið uppeldislegt atriði og hefur á síðustu árum ja notið æ meiri athygli og viðurkenningar. Á þeim tíma var þetta nýtt það eru átta ár síðan að þetta gerist, haustið 1989. Og viðbrögð urðu mjög mismundandi. Það urðu talsverð skrif og fjaðrafok í kringum þetta og svona heldur róaðist það nema gagnvart bæjaryfirvöldum, rekstraraðilinum skólans og yfirvöldum. Það róaðist ekki og nærri tveimur árum eftir að ég byrja þetta starf þá er í *Helgarpóstinum* flennifyrirsögn sem heitir „Baráttufóstra á súperlaunum”. Vitnað til þess að ég er jú gömul baráttukona úr bæði stéttarfélags- og pólitískum málum, jafnréttishreyfingunni, kvennréttindamálum og nú væri bara svo komið að ég væri á yfirgengilegum yfirvinnugreiðslum, ég væri í deilum við bæjaryfirvöld, fjármálastjórinn væri með ásakanir um misferli, menntamálráðuneytið hefði veitt þróunarstyrk sem ég sukkaði með, ég veit ekki hvað var talið upp. Leikskólinn væri svo dýrasti af öllum leikskólum bæjarins, illa nýttur, samstarfsörðugleikar, fara ekki eftir fyrirmælum, ég veit ekki hvað var talið upp en rúsínan í pylsuendaum var að það birtist mynd náttúrulega af mér og skólanum en af nöktum stúlkubörnum að leik fyrir utan leikskólann. Mynd sem að ég hafði birt með grein um málefni kynjana. Ég hafði reyndar líka birt mynd af drengjum fáklæddum að leika sér í málingu en þessi mynd af stúlkubörnunum var tekin úr svo mikilli fjarlægð að það var útilokað að sjá hvort að það væru um að ræða stelpur eða strákar heldur var verið að sýna húsið sem sagt glöð börn í sól hoppandi og skoppandi og

skemmtilegheit, og fólk er nú yfirleitt ekki mikið klætt í vatnsleikfimi. En undir myndinni stóð...

[*Skipt um spólu*]

Síðan voru myndbirtingar með öllum þessum ásökunum þar kom kanski rúsínan í pylsuendanum um það sem að málið snérist um þegar upp var staðið mynd af fáklæddum eða nöktum stúlkubörnum að leik fyrir utan leikskólann. Nú er ég dottin úr takti... Myndin var tekin úr svo mikilli fjarlægð að fyrir það fyrsta var erfitt að greina hvort þetta væru stúlkur eða drengir að það var nú eiginlega bara útilokað, mynd af krökkum að hoppa og skoppa í sól, dásamlegu hrauni og indælt og fallett. Ætli að myndin hafi ekki upphaflega átt að sýna gleði og fjör. Það höfðu nú líka verið myndir.... byrjum aftur...

Myndin hafði upphaflega birst með grein sem ég skrifaði um kynjahlutföllin, ímynd kynjanna og hvernig sjálfsmynd mótast. Ég hafði líka birt mynd af drengjum í málingarsulli og fullt af öðrum myndum en þetta var myndin sem að vakti athygli. Nakin stúlkubörn við leikskólann og auðvitað fylgdi með að ég ynni með þessar stúlkur, það kom ekki fram að það var búið að tilkynna mér það að mér væri ekki heimilt að vinna með börnum heldur bæri mér að vinna eingöngu á skrifstofunni og ég fékk þær fréttir frá starfsmanni bæjarins sem hafði óvart orðið óvænt vitni af því að þessi grein var fjölfölduð fyrir bæjarráðsfund fremur en bæjarstjórnarfund og þar hefði fólk setið og horft á þessa mynd af nöktu stúlkubörnunum og í kjölfar þess komu þessi fyrirmæli sem ég held að séu einsdæmi á Íslandi, að ég sé eina fóstur eða leikskólakennarinn með viðurkennd embættispróf sem hefur verið bannað að vinna með börn og það átti að vera út af því að það væri svo dýrt, því að þá mögulega ynni ég einhverja yfirvinnu og þá þyrftu þeir að borga hana og það gengi ekki og á grundvelli þess væri mér bannað að vinna með börn. En í þessari grein *Helgarpóstisins* sem að kom í andlitið á mér, þar stóð að yfirvöld í Hafnarfirði hefðu áhyggjur af þessari þróun. Nú á þessum tímamarki sagði ég upp starfi, ég ætlaði að fara og þegja eina ferðina enn. Mánuðum saman var ég búin að finna að eitthvað nálgadist, ég var búin að fá ýmsar aðdróttanir, það voru búnar að koma dylgjur, og undarleg símtöl, kröfur um skýrslur og fleira sem ég vissi að enginn af starfélögum mínum í firðinum bjó við eða var beðinn um, hvað þá að fá upphringingar með

fyrirmælum af þessu nokkru tagi. Enginn nokkru sinni og að auki þá var búið að leika þann loddaraleik að skera skólann niður í fjárveitingum þannig að þrátt fyrir að vera umtalsvert stærri en aðrir skólar, þá var hann með mun lægri fjárveitingu og í raun og veru útilokað að starfa út árið og svo átti að áska mig fyrir fjármálaspillingu og sukk. Og yfirvinnugreiðslur sem að hvergi áttu sér stað og stoð ég hef ekki fengið þær ennþá. Það væri reglulega gaman að fá svona góð laun. Þetta var uppfítjað mál frá upphafi til enda svo var þvælt í kringum það. Moldviðrið sem að endalaust var þyrtað upp í kringum þetta og kringum hitt og hvort að þessi hafi sagt þetta og annar gert eitthvað þar til viðbótar. Þetta var með ólíkindum, moldviðri og aftur moldviðri það var eins og einhver staðar hefði farið hnullunugur af stað, einhver spyrnti við fæti, af einhverjum ástæðum var ég fyrir einhverjum og þegar búið var að spyrna fyrsta steininum af stað þá koma nú fleiri, það kúra nú fordómarnir víða og það eru margir tilbúnir að taka þátt og það varð úr þessu heilt skriðufall og margir urðu fyrir skriðunni og ég held að margir viti ekki einu sinni í dag fyrir hverju þeir urðu og jafnvel þeir sem urðu fyrstir til að hrinda steininum af stað ég veit ekki einu sinni hvort að þeir gerðu sér grein fyrir hvert að málið myndi leiða og hvar það myndi enda. Ég ætlaði að fara einu sinni enn. Ég sagði upp störfum og ætlaði að fara, ég gerði mér reyndar grein fyrir því að ef ég færi þá væri ég farin úr þessari starfsgrein fyrir fullt og fast. Ég gengi ekki inn nokkurstaðar með þennan róg á bakinu um að mér væri ekki treystandi fyrir börnum. En frekar en að ganga svipugöngin þá ætlaði ég að fara. Þá sagði allt samstarfsfólk mitt upp störfum líka og næsti yfirmaður minn mér til stuðnings, fólk vissi mætavel að það var ekkert hæft í þessum ásökunum og hluti af þeim yfirvinnutímum sem að var verið að búa bingó til í kringum þegar yfir lauk var bílastyrkur sem að bærinn hafði sjálfur viljað borga mér og gaf mér fyrirmæli um, ákveðinn embættismaður, að skrifa á mig sem yfirvinnu og það var allt dæmið sem að moldviðrið var búið til í kringum. Þegar ég sá að allt starfsfólk mitt ákvað að fara líka, þetta var ekki bara lengur ég sem var í húfi og reyndar tilraunastarf, uppbyggingarstarf, rannsóknarstarf sem ég vildi fá að þróa og vinna að, það var ekki bara þetta tvennt sem að var í húfi lengur heldur samstarfsfólk mitt, heldur komu foreldrar til skjalanna líka. Mikill meirihluti foreldra reis á fætur og bara “Hvað er hér að gerast? Við viljum bara láta þennan skóla halda áfram nákvæmlega eins og hann er og hvaða bull er þetta í gangi”? Það voru örfáir foreldrar sem að völdu að taka börnin sín í burtu á þessum tíma, vissulega

var það mjög sárt. En nær allir á annað hundrað manns stóðu bara á fætur og sögðu hvaða vitleysa er þetta, höldum áfram með þetta starf. Og þá kom að þessum vendipunkti í lífi mínu. Loksins var búið að keyra mig það í kaf og ráðast að heiðri mínum nógu illilega til þess að ég sagði: “Allt í lagi ég skal slást!” Ég skrifaði grein í blöðin sem að var andsvar við þeirri fyrri og ég valdi fyrirsögnina af kostgæfni: „Lesbísk fóstra í súpervinnu!” og þar talaði ég bæði til rekstraraðila og annarra um það að það er ekkert tilhæft í þeim ásökunum sem að voru upp á borði, þetta var allt saman hrekjanlegt og hafði verið gert og samt sem áður var haldið áfram að djöflast á bakinu á mér og þá væri ekki nein skýring eftir nema að það truflaði fólk að ég væri lesbía og ég reyndi að sannfæra fólk um að það er nú bara svo að lesbíur geta auðveldlega rekið leikskóla það er ekkert með það að gera. Og stúlkum er jafn óhætt í minni umsjá eins og drengjum í fanginu á straight fóstrum það er nú ekki stór munur á þessu og lét vaða. Þessi endalaus blaðaskrif og fjölmiðlafár og það var haldinn fundur með öllum foreldrum og okkur sem er erfiðasti fundur sem að ég hef setið um dagana. Sitja þarna og heyra talað um mig í þriðju persónu og sjá bæjarfulltrúa tromma upp í pontu með yfirlýsingar um það að hann hefði enga fordóma gagnvart þessari konu og enginn í bænum hefði nokkurn tíma haft nokkra fordóma þótt hún væri svona en hvaðan en hvernig hún vogaði að skrifa greinar fyrir blöðin með þessum sóðafyrirsögnum, og fyrirsögnin var „Lesbísk fóstra!” Auðvitað höfðu þessar dylgjur og kjaftæði gengið út um allann bæ og í saumaklúbbum og teboðum og gufuböðum og sundlaugum og hvar þar sem að fólk kom saman, kjaftagangurinn var algjör. En niðurstaða og lyktir málsins urðu þær að ég valdi að leiða þetta til enda, það var gerður samningur að tilhlutan fárra aðila hjá bænum á milli mín og rekstraraðila um það að starfsemin héldi áfram eins og hún hafði gert og að ég héldi mínu starfi eins og ég væri vön að vinna, það yrði veittur styrkur til að þróa dæmið áfram og vinna að bókarskrifum um árangurinn og að fjárveitingar til skólans yrðu lagfærðar og settar til samræmis við aðra skóla og þetta var undirritað og þar af meðal af mér. Það var í senn sigur en líka ótrúlega sárt það var ótrúlega sárt, því að þótt að ég hefði gott bak að þá voru þetta erfið svipugöng. Nú síðan hef ég haldið áfram starfi á þessum leikskóla og ég held að bærinn sé búið að taka mig í sátt svona mest megnis að það sé nú komið. En ég held að það sé nú rétt að ég bendi á það að ég geri mér fullvel grein fyrir því að öll þessi átök voru ekki aðeins um það að ég væri lesbía það eitt útaf fyrir sig er frávík sem dugar til að setja

marga í varnarstöðu og varnarkerfi en ég reikna með að ef ég hefði verið þrúð fóstra og rekið venjulegan leikskóla ekki farið neitt út fyrir rammann, verið stillt við strákana og farið eftir öllu með bros á vör, að þá held ég að ég hefði alveg fengið að vera til sem lesbía og enginn hefði sagt orð en það vill nú svo til að ég er ekki nógu þrúð.

Mér hefði ábyggilega verið fyrirgefið að vera lesbía ef ég hefði verið þrúð fóstra. Rekið hefðbundinn leikskóla, ekki farið út fyrir rammann ekki bryddað upp á nýjunum, hvað þá einhverju róttæku eins og kynjaskiptingu og ef ég hefði verið stillt við strákana og brosað hlýðin og þrúð. En ég kann það bara ekki alltaf. Ég hef ákveðnar skoðanir ég hef hugsjónir og það sem að er mér mikilvægast og það sem að ég hef lagt stund á bæði í starfi og áhugamálum það eru jafnréttismál og þá er ég ekki að tala um klisjuna jafnréttismál, ég er að tala um það að mig hefur verkjað á eigin skinni bæði staða stúlkna, ég er stúlka sjálf, staða kvenna, launamál, misrétti, mannréttindabrot á samkynhneigðum, mér er alvara. Mér er alvara og ég lúffa ekki með það mál. Í mínum huga er réttlæti og jafnrétti eitthvað sem þú gerir engar málamiðlanir um. Það er svo einfalt. Annað hvort stígur maður skrefið eða ekki og ég vissi að ég var að fara rétta leið og þá get ég ekki lúffað, þá get ég ekki lúffað, ég geri engar málamiðlanir. Ég veit líka að mér er vel treystandi fyrir mínu verki og ég er ekki tilbúin til að vera viðræðuþæg og sammála síðasta ræðumanni og brosa afsakandi í lokin á hverri málsgrein. Ég hef aldrei nennt því og mun ekki gera það, þar af leiðandi, óþæg, erfið og lesbía það held ég að hafi verið grundvallarvandamálið og þekktar félagsfræðiteoríur segja jú að það megi umbera fólki einfalt frávik en ekki tvöfalt, það er orðið of mikið af hinu góða. Þannig að á meðan ég var ennþá í felum eða sem sagt ekki mjög opinber sem lesbía og var óþæg í starfi mínu hjá Reykjavíkurborg áður þá mátti umbera mig því þá var ég bara óþæg og erfið en þegar hitt bættist við, lesbía að auki þá var mælirinn fullur. En þótt ég segði áðan að ég hefði verið sár þegar að ég kom úr þessari göngu og þótt að ég segði að ég hefði aldrei lagt af stað ef ég hefði vitað hvað þetta kostaði mig að þá eftir á að hyggja er ég guðslifandi fegin. Ég hef tekið mín göng. Ég bar þau betur en ég átti von á og í dag hef ég náð sátt. Ég þakka fyrir að þetta upphlaup skyldi eiga sér stað það gaf mér tækifæri að taka þessa lotu, að taka þessa glímu, berjast í eitt skipti fyrir öll. Ég hafði vinning.

Póstur er nú nokkuð sem að fólk fær almennt inn um lúguna hjá sér og hérna á árum áður þótti mér hundleiðinlegt að sjá allan þann gluggapóst sem að barst inn til mín og dreifimiða og hvað þetta nú er. En ég lærði þá lexíu að það er skelfilegt að missa af póstinum sínum. Ég lærði þá lexíu að það er þakkarvert að fá gluggapóst. Ég lenti nefnilega í því að fá ekkert í nærri hálf ár ég fékk ekki bankarukkanir, ég fékk ekki símareikninginn minn, ég fékk ekki persónuleg bréf, ég sá náttúrulega ekkert af póstinum mínum frá Samtökunum. Tilkynningar um að endurnýja tryggingavíxlinn fyrir kreditkortinu mínu og eitt og annað, ég sá ekkert af þessu. Ég fékk ekki póst. Það var eins og ég hefði dottið út af tilveruskránni. Þetta gerðist um það leiti sem deilan við Hafnarfjarðarbæ stóð sem hæst og ég fylltist grunsemdum bara að almættið væri að strika yfir mig ha, í sínu góða félagatali, þetta var með ólíkindum, og ég talaði við bankann og þjónustustofnanir, ég skammaðist í póstinum aftur og aftur og alls staðar sömu svör. Allt var sent af stað það bara kom aldrei til mín. Ég bjó þarna í stigagangi sem að voru nokkrar íbúðir, bara póstinum smellt inn um lúgu, opinn og aðgengilegur fyrir alla. En í hálf ár þá fékk ég ekki póst og ég fann enga skýringu. Ég bjargaði flestu, ég fór bara í bankann og spurði bara já er ekki komið að þessu og sumt var mánaðarlega en það reddaðist verst var með kortið mitt með tryggingarvixlinum, ég var stödd erlendis þegar að það átti að endurnýja, þannig að það var lokað á kortið mitt í miðjum klíðum og ýmis vandræði sem sköpuðust og svo reyndi ég að afsaka mig við fólk eins og kreditkortið mitt að ég hefði ekki fengið bréfið. Það þótti léleg afsökun en hún var sönn. Það var liðið nærri hálf ár þegar kona á efri hæðinni kemur með drenginn sinn níu, tíu ára gamlan hágrátandi sér við hlið og bankar upp á hjá mér og segir bara: Ég er gjörsamlega miður mín, ég er gjörsamlega miður mín sko þessi drengur hér ætlar að segja þér hvað hann er búin að gera. Og það hafðist upp úr piltinum á dágóðri stund milli ekkasoganna að í hálf ár hafði hann og tvö önnur börn í götunni setið sér færís að fylgjast með póstinum og plokka út allt sem að var merkt mér. Þessu tróðu þau öllu í skáp undir stiganum í stigaganginum, gamlan málningarskáp sem hafði ekki verið opnaður í mörg ár og svo var nú einn af þessum þremmenningum, einn úr tríóinu, var fluttur erlendis og þau sem eftir lifðu misstu kjarkinn, guggnuðu og hann brotnaði saman einn góðan veðurdag sem sé, grét fyrir framan móður sína og gékkst við öllu saman, ásamt stúlku sem var þarna í húsinu líka. Og móðirin náttúrulega bara néri hendur sínar og sagðist ekki skilja í þessu. Ég fór í

gegnum póstinn, opnaði skápin og það bara vall út póstur hálfis árs. Þú getur rétt ímyndað þér, þetta var nú þarna allt saman, nema það vantaði efnið frá Samtökunum. Mikið hafði verið rífið upp af póstinum þar sem ekki hafði verið augsætt gegnum gluggann hvað var, annað hafði verið rífið upp og það sem var frá Samtökunum hafði ýmist verið rífið í tætlur eða umslagið var tómt eftir, ég þekkti það á póststimplinum. Ég benti henni á þetta að þetta væri það eina sem að hefði verið tekið eða rífið og hún sagði: „Getur ekki verið, drengurinn þessi, barnið og börnin hvað heldur þú að þau viti hvað hommar og lesbíur eru eða að þau séu með einhverja fordóma, getur ekki verið”. Gott og vel en akkúrat um þessar mundir þá voru mín mál í fjölmiðlum út af deilunni við Hafnarfjarðarbæ. Ég var á forsíðum landsblaða sem lesbísku fóstur í Hafnarfirði og dyrabjallan mín var merkt mér og brotin þarna í tvígang þannig að ég hætti bara að lokum að merkja hana og trúlega vita blessuð börnin sem að réðust á póstinn ekki ennþá af hverju þau gerðu það en mér þótti þetta undarleg tilviljun. En síðan er ég alltaf þakklát fyrir að fá póst.

[*Um alnæmi*].

Í Fríkirkjunni nóttina sem lögin um staðfesta samvist og yfirlýsing þjóðarinnar um velvilja gagnvart samkynhneigðum, gengu í gegn þar flutti ég ávarp til félaga minna og nefndi þá greiðslu sem lá að baki því að við fengum miðann heim, tilboðið um að snúa úr útleið. Það er nú svo að ég held að stærsta ástæðan fyrir því að þessi viðurkenning og að lögin komust í gegn og urðu til umræðu yfirhöfuð á Norðurlöndum og víðar um heim, gjaldið fyrir þau auknu réttindi og sýnileika var greitt af þeim félögum okkar sem að hafa veikst af alnæmi. Okkar litla samkynhneigða samfélag og sérstaklega hommasamfélagið, við stelpurnar komum nú svona aðeins á eftir með aðrar forsendur, en hommasamfélagið eftir bylgjuna 1968 í kjölfar Stonewall uppreisnarinnar, í kjölfar sýnileikans, kom það sem ég hef kallað glad to be gay tímabilið. Fögnuðurinn og hamingjan yfir því að vera kominn, ekki aðeins úr skápnunum, að vera fluttur til staða þar sem þú hittir þína líka, þar sem að fólk lifði út tilfinningar sínar, þar sem að kynlífið var ekki lengur niðurlægt heldur upphafið og gleðin yfir því að lifa í eigin sannleika var dásamleg. Og fólk gladdist og gladdist og gladdist og allir voru ungir og allir voru ódauðlegir, bylgjan kemur jú upp úr

'68 og allir voru ungir, framtíðin hvað var það? Það var eitthvað til að hugsa um miklu seinna eftir 50 ár þegar að fólk færi að eldast og hver vildi svo sem eldast? Auðvitað vildi það enginn. Hamingjan bara blasti við og inn í þetta samfélag skellur alnæmið af fullum þunga. Þetta áfall sem að engin orð megna að lýsa sem gerði það að verkum að skyndilega vorum við ekki aðeins glöð og ekki lengur ung og svo sannarlega ekki lengur ódauðleg. Þeir sem áður lifðu og léku sér og þurftu ekki að hafa áhyggjur af næstu árum að eigin mati, voru skyndilega deyjandi eða dánir. Þeir sem áður voru í sambúð voru ekkert að velta sér upp úr því hvort einhver erfðaréttindi væru fyrir hendi eða hvort að fjölskylda annars væri búin að samþykkja sambandið. Hvað ætli fólk hafi verið að hafa áhyggjur af því, lifði í sínu litla ghattói og gladdist. Með deyjandi annan aðilann þá skipti það máli og þegar að kom að því að samviska þjóðanna varð að horfast í augu við það að mönnum sem höfðu búið saman í fimm, tíu, fimmtán ár að þeim var skyndilega á banabeði annars þeirra mismunað á svo hrottafenginn og grimman hátt að það hlaut eitthvað að gerast. Auðvitað titraði samviska þjóðanna að sjá mann sem hafði búið í 20 ár með maka sínum og hann gat ekki hringt á spítalann til að vita hvernig honum leið. Makinn var jarðsunginn og fjölskyldan tók yfir og gat loksins tekið ráðin af og ákveðið að hommaskapur og maki kæmi ekki nálægt dæminu. Menn lentu í því að öðrum aðilanum sem eftir lifði þ.e.a.s. var hent út úr sameiginlegri íbúð þegar erfingjar hins látna tóku sig til. Þetta var slík áras á samvisku þjóðanna að eitthvað hlaut að láta undan. Það mátti kannski geyma þennan hóp á meðan við vorum glöð og lukkuleg, kát og ódauðleg en á þessum stundum varð miskunnarleysi þessa óréttar, miskunnarleysið var svo mikið að það dugði að hreyfa við samvisku þjóðanna á Vesturlöndum og ég er þess fullviss að það er rétt söguskýring og það eru fleiri sem eru sammála um það að það var, það voru þeir og það eru þeir sem voru veikir, eru veikir, eru dánir, félagar okkar sem eru farnir, þeir greiddu fyrir þessa viðurkenningu sem við njótum í dag og það eina sem að við getum gert það er að þakka og þakka fyrir að þessi, þetta áfall sem alnæmið hefur verið í okkar röðum að það var ekki til einskis. Að allir þeir félagar okkar sem að hafa greitt gjaldið sem að hafa farið jafn illa og þeir fóru, þeir félagar okkar sem sem við höfum séð fara og við höfum fylgt til grafar, þeir fóru ekki til einskis. Þeir voru að ryðja brautina fyrir okkur. Það er þetta sem að alnæmi gerði fyrir okkar réttindabaráttu, við vorum sýnileg, það var ekki lengur hægt að líta framhjá okkur og það var ekki lengur hægt að líta framhjá því að

mannréttindabrotin og réttleysið okkar var ekki bara eittvað á teórísku plani, þetta var ástand sem var að meiða og eyðileggja hóp og fjölda einstaklinga. Og þetta hjálpar okkur sem erum eftir að sætta okkur við að við að öllum hópum skyldum verða fyrir þessu höggi. Því þetta er högg. Þú getur ímyndað þér ef að allir karlmenn í Kópavogi á aldrinum 25-45 ára væru í áhættu og stór hluti þeirra veikur og deyjandi. Það myndi teljast högg og eitthvað væri gert, án efa, en slík hefur staða homma á Vesturlöndum verið á undangengnum árum síðan að alnæmi kom. Og þetta högg það gefur okkur hinum, það ryður brautina það varð þá til einhvers og gerir okkur auðveldar að sætta okkur við það.

[Um það þegar lögin um staðfesta samvist samkynhneigðra gengu í gildi 1996].

Nóttin sem að lögin gengu í gegn, ég upplifði heimsbyltingu. Ég skynjaði heimsbyltingu þennan sólarhring og þar get ég ekki aðskilið eitt frá öðru. Allt ferlið í heild frá því að standa með félögum mínum þessa júnínótt og gráta útleigðararín, gráta af gleði yfir heimkomunni, gráta þá sem farnir voru og greiddu fargjaldið fyrir okkur yfir í það að vakna eldsnemma morguninn eftir og mæta í fyrstu vígslu landsins og svo næstu vígslu. Gleði og sorg á mælikvarða sem er ólysanlegur. Þegar ég var viðstödd fyrstu vígsluna hér hjá borgarfógetaembættinu, það var eins og eitthvað brysti eitthvað inni í mér, eins og strengur hrykki eða ís brotnaði og vök myndaðist. Það var eins og eitthvað hrykki. Og sú gleði sem að ríkti allan daginn var um leið alltaf sorgarblandin, svo tvíbentar tilfinningar hef ég vart náð að upplifa á einum degi ef ég undanskil daginn sem ég gékkst við sjálfri mér og skildi loks hver ég var og hverjar mínar tilfinningar voru. Þessir tveir dagar eru mínar heimsbyltingar. Dagurinn var samfelld sigurganga og í Borgarleikhúsinu þá véku aðeins hinar tvíbentu tilfinningar gleði og sorgar frá, það var tengdara þessu nálægu augnablikum sem voru brúðkaupin og nóttin sem við vöktum saman. Í Borgarleikhúsinu var það sigurinn sem var mér efstur í huga. Sigurtilfinningin yfir því að við samkynhneigð, við íslenskt samfélag, við höfðum áorkað einhverju sem að skipti svona miklu máli fyrir alla og að finna stuðninginn, gleðina, ekki aðeins frá félögum mínum heldur frá öllum sem stóðu í kringum okkur. Skeyti, ávörp, þakkir, allir þeir sem mættu, boðsgestir okkar, forseti landsins, í fyrsta skipti svo vitað sé í sögu Vesturlanda mætir þjóðhöfðingi á athöfn hjá samkynhneigðum og við öll svo glæsileg og flott og frábær og

dásamleg og ólýsanleg, þetta var sigurstund. Ég skil hvers vegna sigurbogar hafa verið reistir hér og þar. Mér fyndist að við ættum að byggja okkur einn slíkan. Það tók mig síðan einhverja daga að ná mér niður í eðlilegt tilfinningalitróf að nýju. En einfaldlega gleði, sorg, harmur, sigur, allt á einum sólarhring, ólýsanlegt. Og rétt eins og ég varð aldrei söm manneskja eftir þann morgun sem ég skildi að ég var lesbía eða ég skildi að ég elskaði konur, það tók mig svolítið lengri tíma að segja orðið lesbía. Á sama hátt held ég að ég verði aldrei söm eftir að hafa upplifað þennan dag á sama hátt og ég gerði. Ég á heldur ekki að vera það. Þetta skref er svo stórt að við sem upplifðum það og skynjuðum við eigum ávallt að bera það einhvers staðar með okkur, hvar sem við förum.